ekki til lengdar, og eg kemst aldrei lengra en það, að verða Madama Pétursson, enda þó sumir kalli mig frú — en annað líf er þó til, er ekki svo? Þið hafið þó ekki lært í skólanum að útbyggja því, eða hvað?

— Nei, mamma, það höfum við ekki gjört.

— Jæja, því svo margar breytingar hafa átt sér stað á þessum síðustu árum. En, sjáðu nú til, þegar eg sit þar uppi einhversstaðar, þá ímnbyrla eg mér, að eg geti hæglega lært alt það, sem þú og hinar kenslukonurnar hafa talað um, þegar þær hafa komið á sunnudagsmorgnum og hlýtt var í herberginu þínu, bæði um sjónleiki og bækur og sýningarnar í Karlottuborg og um innvortis líffæri dýranna og mannanna og alt það, sem eg nú sit undir og hlusta á eins og sauður. Og svo þegar einhver kenslukonan kemur heim til þín, þá kem eg að líkindum fljúgandi niður, svona alveg ósýnileg, og þá get eg sjálfsagt skemt mér við að hlusta á, því í þessu lífi hefi eg verið þvílíkur heimskingi, að eg hefi alt af steinsofnað, nema þegar þú varst að tala, Palla, því þegar þið voruð að þrátta um eitthvað, þá fanst mér alt af þú hafa á réttu að standa, og eg læra dálítið af þeirri niðurstöðu, sem þú hafðir komist að um ýmsar bækur, stjórnmál og trúarbrögð, og eg get reyndar ekki neitað því, að eg gladdist yfir því, að það var þveröfugt við skoðanir föður þíns. Svo að sá snertur af virðingu, sem eg bar fyrir honum, er óneitanlega farinn út í veður og vind, síðan þú komst til vits og ára og varðst kenslukona sjálf.

Rödd sjúklingsins varð veikari og veikari, unz orðin urðu að síðustu óskiljanleg og dóu út í hásu snörli, sem að síðustu rann saman við hinn stutta og blístrandi andardrátt hennar í því hún sofnaði.

Dóttir hennar lagði höfuðið á henni gætilega ofan á koddann. Hún gat ekki lengur risið undir líkamsþunga móður sinnar, sem stöðugt var að aukast.

Framhald í næsta blaði.

**HEIMIR**

12 blöð á ári, 24 bls. í hvert sinn, auk kápu og auglýsinga.
Kostar **einn dollar** um árið. Borgist fyrirfram.

ÚTGEFENDUR: NOKKRIR ÍSLENDINGAR Í VESTURHEIMI.

Afgreiðslustofa blaðsins: 582 Sargent Avenue.
RITSTJÓRI: Rögnvaldur Pétursson, 533 Agnes Street.

PRENTARI: Gísli Jónsson, 582 Sargent Ave.

ENTERED AT THE POST OFFICE OF WINNIPEG AS SECOND CLASS MATTER.